



Fjölbrautaskóli Suðurlands

ITEI2GB05B

Iðnteikning háriðna 2

Kennsluáætlun – vorönn 2025

Kennari áfangans: E Arna Árnadóttir

earnaarna@fsu.is

Áfangalýsing: Nemandi nýtir sér áunna þekkingu í teikningu, lita- og formfræði í þrívíddarsköpun með mismunandi efnum og aðferðum á gínúhaus. Kynntar mismunandi uppsetningar á stemningsmyndum (moodboard) til glöggvunar á stíl og tíðaranda. Þjálfuð hugmyndavinna og framsetning á útfærslu fyrir eigin hársnyrtistofu, umhverfi hennar, vörur og þjónustu. Kynnt mismunandi forrit og aðferðir í stafrænni myndvinnslu. Áhersla lögð á að nemandi kynni og verji verkefni sem hann vinnur í áfanganum

Markmið áfangans:

Þekking: Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- formsköpun í þrívídd á höfði gínúhauss.
- stemningsmyndum (moodboard) til skýringar á hugmyndavinnu.
- þróunar- og hugmyndavinnu sem og skipulagningu við að stofnsetja eigin stofu.
- mismunandi forritum í stafrænni myndvinnslu.
- mikilvægi þess að kynna og svara fyrir eigin verk og hugmyndir

Leikni: Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- sýna og skapa formhönnun í þrívídd.
- setja saman skýrar táknrænar myndir af eigin hugmyndavinnu.
- tengja saman hugmyndaferli að eigin stofu frá upphafi til endanlegrar niðurstöðu.
- velja rétt forrit til að ná fram sem bestum eiginleikum í stafrænni myndvinnslu á hverjum tíma.
- leggja fram, kynna og verja eigin verkefni

Hæfni : Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- nota mismunandi aðferðir til að skapa og hanna ýmsar þrívíddar útgáfur sköpunar á gínúhaus.
- sýna og kynna hugmynd að eigin stofu og þeim þáttum sem tengjast henni.
- taka eigin myndir (eða annarra) og breyta þeim sem best má vera og nýta þær til kynningar á fjölbreyttan hátt.

- **Námsmat** Símat